

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.11.2017
Málalykill	
Mál nr.	1711044

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 7. Nóvember 2017
Tilv. 2017100043


Með vísan í bréf Gunnars Einarssonar bæjarstjóra Garðabæjar, dagsett 6. nóv. 2017 þar sem því er beint til ÁTVR að sækja um leyfi fyrir opnun vínbúðar í Kaupúni, vill ÁTVR koma eftirfarandi á framfæri.

Í áratugi hefur verið í gildi það verklag hjá ÁTVR að sótt er um starfsleyfi fyrir nýjum staðsetningum á Vínbúðum til heilbrigðisnefnda í viðkomandi sveitarfélagi. Ef Vínbúð hefur ekki verið áður í sveitarfélaginu hefur verklagið verið þannig að sótt um leyfi til sveitarstjórna. Til þessa hafa ekki komið fram neinar athugasemdir um að þetta ferli uppfylli ekki ítrustu kröfur enda hefur ÁTVR litið svo á að heilbrigðisnefndir séu hluti af stjórnsýslu sveitarfélaga. Nýjar staðsetningar Vínbúða eru ávallt valdar eftir ítarlegt útboðsferli þar sem gerð er krafa um að boðið húsnæði sé á skilgreindu verslunarsvæði. Starfsleyfi heilbrigðisnefndar Garðabæjar fyrir rekstri Vínbúðar í Kaupúni til næstu 12 ára liggur nú þegar fyrir.

Áform ÁTVR voru að opna verslunina þann 15. nóvember næstkomandi en að sjálfsögðu verður opnuninni frestað þangað til að öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

Með vísan í 10. gr. laga nr. 86/2011 um verslun ríkisins með áfengi og tóbak óskar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hér með eftir heimild bæjarstjórnar Garðabæjar til þess að opna áfengisverslun í Kaupúni.

Virðingarfyllst,



Ívar J. Arndal,
forstjóri ÁTVR